




AUSTURBRÚ

þekking - þróun - þjónusta

# Ársskýrsla 2016



# Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	1
Um Austurbrú	2
Ágrip af sögu Austurbrúar	4
Hefur barnskónum verið slitið?	10
Samband sveitarfélaga á Austurlandi – SSA	12
Atvinnuþróun og markaðstengd verkefni	14
Verkefni tengd menntun og rannsóknum	24
Önnur verkefni og þjónusta	30

Austurbrú- Ársskýrsla 2016, maí 2017

Útgefandi: Austurbrú ses.

Umbrot: Gjallarhorn

Myndir: Rhombie Sandoval nema annað sé tekið fram.

Höfundar: Starfsfólk Austurbrúar

Austurbrú | Vonarlandi, 700 Egilsstaðir | 470-3800 | [austurbru.is](http://austurbru.is) | [austurbru@austurbru.is](mailto:austurbru@austurbru.is)

## Ávarp framkvæmdastjóra



Strax í upphafi höfðu menn háar hugmyndir um hlutverk Austurbrúar. Efst í huga margra er eflaust hugmyndafræðin að stofnun hennar: Að auka faglega samvinnu og samstarf og vera betur undir það búin að takast á við stærri verkefni en hægt var í gömlu stoðstofnunum. Og umfram allt: Að sameiningin leiddi til hagræðingar. Að hún sparaði ríki og sveitarfélögum peninga.

Örlítið aftur í ársskýrslunni er stiklað á stóru í sögu Austurbrúar en eins og flestir Austfirðingar vita hefur sú saga ekki alltaf verið dans á rósum. Reksturinn var erfiður og um tíma, aðeins tveimur árum eftir stofnun hennar, ræddu menn í fullri alvöru hvort hún væri yfir höfuð rekstrarhæf. Svárið var nei. Með svipuðu áframhaldi yrði ekki hægt að reka Austurbrú.

Þegar mér verður hugsað til baka minnst ég umræðu um hvort rétt væri að leysa stofnunina upp og fara aftur í gamla „góða“ horfið. Ef til vill áttuðu menn sig á því að slíkar hugmyndir voru sveipaðar nostalgíu því rekstur fyrirrennara Austurbrúar gekk í sumum tilvikum ekkert betur en rekstur Austurbrúar. Þeir sem stóðu að henni sáu sem betur fer réttu lausnina: Það yrði ekki aftur snúið og því var farið í umfangsmikla hagræðingu og endurskipulagningu á starfsemi Austurbrúar. Starfsorka stjórnar og starfsmanna beindist inn á við: Hvernig breytum við skipulaginu og rekstri hennar svo hún verði sterk og sjálfstæð stofnun og tilbúin að verða alvöru hreyfiafl á Austurlandi? Hvernig verðum við stofnun sem getur gripið góðar hugmyndir og ýtt þeim úr vör?

Ársreikningar síðustu tveggja ára sýna að Austurbrú er á réttri leið. Ársreikningur fyrir árið 2016 sýnir að hún skilar nú hagnaði í annað sinn frá stofnun en það er frumforsenda þess að hún geti orðið sá suðupottur hugmynda og þróunar- það hreyfiafl- sem stofnendur hennar ætluðu Austurbrú að verða. Það segir sig eiginlega sjálft að þegar starfsþrekið fer að miklu leyti í naflaskoðun gefst minna rúm til nýsköpunar.

Í mínum huga er það engin tilviljun að þegar hagar Austurbrúar vænkaðist á síðustu tveimur árum litu býsna mögnuð verkefni dagsins ljós. Svo ég nefni aðeins eitt dæmi: Áfangastaðurinn Austurland. Þetta er brautryðjendaverkefni á sviði markaðssetningar og samfélagsþróunar á Íslandi og síðustu tvö ár höfum við leyft okkur- og treyst okkur- til að vinna að því af krafti. Við höfum getað nýtt alla helstu kosti Austurbrúar sem stofnunar til framkvæmdarinnar: Innanhús höfum við unnið saman, þvert á sérþekkingu starfsfólks og skipulag Austurbrúar leyfir okkur að kalla að borðinu fólk úr samfélaginu, m.a. frá sveitarfélögum og fyrirtækjum, til skrafs og ráðagerða. Ég fullyrði að þetta verkefni hefði enginn geta tekið að sér nema Austurbrú.

Síðustu misseri hef ég fundið fyrir auknum stuðningi við Austurbrú úr samfélaginu. Ég held að fólk sé byrjað að sjá að hún getur orðið nákvæmlega það sem menn ætluðu sér í upphafi og ef til vill eitthvað annað og meira sem menn sjá ekki fyrir. Mín trú er sú að Austurbrú má aldrei verða ríki í ríkinu. Forsendan fyrir vexti hennar er áframhaldandi og meira samstarf við fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga í kringum okkur. Einungis þannig verðum við hreyfiafl hugmynda og nýsköpunar sem samfélagið þarf á að halda.

Jóna Árný Þórðardóttir  
framkvæmdastjóri Austurbrúar

# Um Austurbrú

Austurbrú er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var 8. maí 2012. Austurbrú vinnur að hagsmunamálum íbúa á Austurlandi og veitir samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Stofnunin stuðlar að og ýtir undir þróun samfélags, atvinnulífs, háskólanáms, símenntunar, rannsókna og menningarstarfs á Austurlandi.

Austurbrú er fyrsta stofnun sinnar tegundar á Íslandi. Markmiðið með henni er að einfalda stjórnsýslu, vera vettvangur fyrir samstarf og samþættingu og vinna metnaðarfullt starf, íbúum Austurlands til hagsbóta.

## Fundir og upplýsingamiðlun

Ársfundur Austurbrúar ses. 2016 var haldinn á Hótel Framtíð á Djúpavogi þann 11. maí. Stjórn Austurbrúar hélt 13 fundi á árinu og má finna fundargerðir árs- og stjórnarfunda á heimasíðu hennar. Nánari upplýsingar um fjármál og rekstur Austurbrúar 2016 má finna í ársreikningi sem einnig er að finna á heimasíðunni.

### Upplýsingamiðlun

Austurbrú á og rekur heimasíðuna austurbru.is þar sem finna má helstu upplýsingar um Austurbrú og fréttir af starfsemi hennar. Á árinu 2016 birtust á síðunni 40 fréttir og tilkynningar auk fjölda auglýsinga. Meðfram síðunni er rekin Facebook-síða sem uppfærð er reglulega.

## Stjórn Austurbrúar 2016-2017

Af vettvangi sveitastjórnarmála:  
Jón Björn Hákonarson (formaður)  
Sigrún Blöndal  
Margrét Guðjónsdóttir  
Gauti Jóhannesson (varamaður)

Af vettvangi atvinnulífs, menntunar og menningar:  
Sveinn Jónsson  
Sæunn Stefánsdóttir  
Adolf Guðmundsson (varamaður)

## Starfsháttanefnd Austurbrúar 2016 - 2017

Ásdís Helga Bjarnadóttir  
Skúli Björn Gunnarsson  
Valdimar O. Hermannsson

## Siðanefnd Austurbrúar 2016 - 2017

Aðalheiður Árnadóttir  
Gunnlaugur Sverrisson  
Sigríður Rún Tryggvadóttir



## Starfslið, stjórn og nefndir

Í lok árs 2016 voru starfsmenn alls 21 í 19,8 stöðugildum. Þetta voru:

Anna Alexandersdóttir, staðgengill framkvæmdastjóra og verkefnastjóri á Egilsstöðum  
Björg Björnsdóttir, verkefnastjóri sveitarstjórnarmála á Egilsstöðum  
Elfa Hlín Pétursdóttir, verkefnastjóri á Seyðisfirði  
Else Möller, verkefnastjóri á Vopnafirði  
Guðrún A. Jónsdóttir, yfirverkefnastjóri kjarnaverkefna á Norðfirði  
Haraldur Geir Eðvaldsson, verkefnastjóri á Egilsstöðum  
Hrönn Jakobsdóttir, þjónustufulltrúi á Egilsstöðum  
Hulda Guðnadóttir, verkefnastjóri á Reyðarfirði  
Ingunn Bylgja Einarsdóttir, rættitæknir á Egilsstöðum  
Jón Knútur Ásmundsson, verkefnastjóri á Reyðarfirði  
Jón Steinar Garðarsson Mýrdal, verkefnastjóri á Egilsstöðum  
Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri  
Jónína Brynjólfsson, verkefnastjóri á Egilsstöðum  
Katrín Reynisdóttir, verkefnastjóri á Djúpavogi  
Kjartan Glúmur Kjartansson, verkefnastjóri á Reyðarfirði  
Lára Vilbergsdóttir, verkefnastjóri á Egilsstöðum  
María Hjálmarsdóttir, verkefnastjóri á Reyðarfirði  
Ragna Hreinsdóttir, náms- og starfsráðgjafi á Reyðarfirði  
Signý Ormarsdóttir, yfirverkefnastjóri sérverkefna á Egilsstöðum  
Sigrún Víglundsdóttir, verkefnastjóri á Norðfirði  
Tinna K. Halldórsdóttir, verkefnastjóri á Egilsstöðum

# Ágrip af sögu Austurbrúar

„Austurbrú verður mikilvægur hlekkur í einfaldari og skilvirkari samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Það er von mín og trú að hún geti jafnframt orðið fyrirmynd í öðrum landshlutum.“

Svo sagði Jóhanna Sigurðardóttir, þáverandi forsætisráðherra Íslands, á stofnfundi Austurbrúar 8. maí árið 2012.

Orð hennar eru lýsandi fyrir þær miklu væntingar sem voru gerðar til stofnunarinnar strax frá byrjun. Austurbrú var og er enn þann dag í dag eina stofnun sinnar tegundar á Íslandi og ljóst að um djarfa ákvörðun var að ræða þegar allar helstu stöðstofnanir Austurlands voru settar undir einn hatt. Stofnanirnar voru Þekkingarnet Austurlands, Þróunarfélag Austurlands, Menningarráð Austurlands auk þess sem Austurbrú fékk það verkefni að annast daglega starfsemi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA). Allt voru þetta rótgrónar austfirskar stöðstofnanir með merkilega sögu.

Í eftirfarandi kafla verður stiklað á stóru í sögu Austurbrúar en stofnunin hefur ekki alltaf siglt lygnan sjó á þeim fimm árum sem liðin eru frá stofnun hennar.

## Austurbrú stofnuð

Stofnun Austurbrúar átti sér nokkurn aðdraganda en ljóst þótti að sameining hefði marga kosti, nýting á fjármagni yrði betri og þjónustan aðgengilegri. Fyrsti vinnuhópur SSA um sameiningu stöðstofnana var settur á laggirnar árið 2008 en almennt má segja að tveir megináfangar hafi verið í sameiningarferlinu. Fyrri áfanga lauk með skýrslu vinnuhóps SSA „Endurskoðun á stöðkerfi atvinnulífs, menntunar og menningar á Austurlandi“ sem kynnt var á aðalfundum SSA og austfirska stöðstofnana árið 2011. Seinni áfanginn hófst haustið 2011 með skipan verkefnastjórnar sem þáverandi formaður SSA, Valdimar O. Hermannsson, veitti formennsku en með verkefnisstjórninni starfaði Stefanía G. Kristinsdóttir. Í verkefnisstjórninni sátu þrjú fulltrúar sveitarfélaga og fimm fulltrúar stöðstofnana auk bakhóps ríkisins.

Sem fyrr segir var stofnfundur Austurbrúar haldinn á Reyðarfirði 8. maí 2012 en yfir 30 stofnaðilar voru að Austurbrú, þar á meðal öll sveitarfélögin á Austurlandi, allir háskólar landsins, helstu fagstofnanir, stéttarfélög, hagsmunasamtök atvinnulífsins og framhaldsskólar.

Ríkisstjórn Íslands kom á stofnfundinn. Í ávarpi þáverandi forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, kom fram að með stofnun Austurbrúar væri stigið mikið framfaraskref í landshlutanum með sameiningu á þjónustu tengdri byggða- og atvinnuþróun, menntun, rannsóknunum, menningu og málefnum ferðaþjónustunnar. Jóhanna taldi að stofnun Austurbrúar gæti orðið öðrum landshlutum fyrirmynd. Með slíkri stofnun væri kominn vettvangur fyrir sameiginlega stefnumótun og bein samskipti og samstarf landshluta við ríkisvaldið. Samstarfi sem gæti gefið af sér tilflutning verkefna, aukið frumkvæði og sjálfræði.

## Ærið verkefni

Segja má að fyrstu árin hafi einkennst af ýmis konar byrjunarerfiðleikum enda um ærið verkefni að ræða að leiða rótgrónar stofnanir saman. Til marks um þetta hætti fyrsti framkvæmdastjórinn, Þorkell Pálsson, eftir fjóra mánuði í starfi. Eftir nokkurra mánuða biðstöðu var Karl Sölvi Guðmundsson ráðinn undir lok árs 2012 en hann hætti um vorið 2014 og við tók Jóna Árný Þórðardóttir sem enn gegnir starfi framkvæmdastjóra. Nýir starfsmenn bættust í hópinn, aðrir hættu og dæmi voru um að nýir starfsmenn létu

Frá stofnfundi Austurbrúar 8. maí 2012. Mynd: Gunnar Gunnarsson



af störfum eftir nokkra mánuði í starfi. Það er ekkert launungarmál að slík starfsmannavelta reyndi mjög á stofnunina og möguleika hennar til að dafna fyrstu tvö árin.

En þrátt fyrir þetta sinnti stofnunin mörgum, margvíslegum og mikilvægum verkefnum á þessu tímabili. Starf stjórnar og starfsmanna fólst m.a. í innleiðingu flókinna breytinga sem sneru að því að sameina og samþætta verklag og vinnubrögð, bókhald og fjármál og mynda nýtt og öflugt teymi fagfólks af ólíkum sviðum sem unnið gætu í einni öflugri stöðstofnun. Þessu tengt fór fram mikil vinna í heildarstefnumótun fyrir hina nýju stofnun sem leit dagsins ljós árið 2014 og finna má á heimasíðu Austurbrúar. Samtímis sinnti Austurbrú þeirri þjónustu við íbúa og samfélag sem kveðið er á um í starfsskyldum hennar samkvæmt samningum og öðrum skuldbindingum.

## Endurskoðun á starfsemi

Á ársfundi vorið 2014 þótti ástæða til að fela starfsháttanefnd stofnunarinnar það verkefni að endurskoða starfsemi og stjórnskipulag Austurbrúar í kjölfar þeirra erfileika sem komið höfðu upp. Var nefndinni gefinn tími til hausts að móta tillögur fyrir framhaldsársfund um hvað betur mætti fara hjá hinna sameinuðu stöðstofnun Austurlands, einkum með tilliti til stjórnskipulags hennar. Á framhaldsársfundum þá um haustið voru samþykktar breytingar á skipulagsskrá stofnunarinnar sem voru til þess fallnar að einfalda skipulag Austurbrúar þannig að til yrði ein heildstæð stofnun sem gæti betur sinnt hlutverki sínu sem helsta stöðstofnun Austurlands.



Tillögur starfsháttanefndar miðuðu að því að skýra betur skil á milli Austurbrúar og SSA. Þær áttu að einfalda stjórnskipulagið í skipulagsskrá og innra skipulag stofnunarinnar í skipuriti. Markmiðið með þessum breytingum var m.a. að draga úr gömlu málaflokkaskiptingunni sem fylgdi inni í Austurbrú með fyrri stofnunum og talið var tefja fyrir þverfaglegri samvinnu innan hennar. Nýtt skipurit var samþykkt á þessum fundi sem gerði ráð fyrir að sviðaskipting fyrri skipurits yrði aflögð og stofnunin yrði framvegis „verkefnadrifin“ eða eins og sagði í tillögu starfsháttarnefndar:

„Starfsháttanefnd leggur jafnframt til að innra skipulag Austurbrúar verði byggt á verkefnum fremur en sviðum eftir málaflokkum og að nýtt skipurit stofnunarinnar endurspegli það ásamt því að undirbyggja þann sveigjanleika og þá þverfaglegu samvinnu sem lagt var upp með að yrði einn af kostum sameinaðrar stoðstofnunar.“

Störf sviðafulltrúa voru lögð niður og kveðið á um að tveir yfirverkefnastjórar, ásamt verkefnastjóra sveitarstjórnarmála, myndu framvegis starfa með framkvæmdastjóra við rekstur Austurbrúar. Með þessum breytingum var vonast til að skipulag hennar yrði sveigjanlegra, fagþekking nýttist betur og möguleikar til þverfaglegrar samvinnu ykjast.

## Blikur á lofti

Fjármál stofnunarinnar komust í hárnæli í desember 2014 þegar fundur var haldinn meðal stofnaðila Austurbrúar þar sem rætt var um framtíð stofnunarinnar en legið hafði fyrir um nokkurt skeið að hún glímdi við umtalsverðan fjárhagsvanda. Rekstrartekjur Austurbrúar árið 2014 voru 346 milljónir króna en rekstrartap ársins 54 milljónir króna og neikvætt eigið fé í árslok 85 milljónir króna. Staðan því graf-alvarleg.

Vandinn var tvíþættur að mati stjórnenda Austurbrúar: Annars vegar var um að ræða uppsafnaðan rekstrarhalla og hins vegar sjóðstreymisvanda sem átti rætur í stofnununum sem sameinuðust í Austurbrú á sínum tíma.

Í fréttatilkynningu sem Austurbrú sendi frá sér eftir stofnaðilafundinn 12. desember sagði:

„...kröfur um þjónustu eru langt umfram það fjármagn sem stofnunin hefur samkvæmt samningum. Undanfarna mánuði hefur verið farið yfir samningaumhverfi stofnunarinnar og greint hvar helst kreppir að í þeim efnum. Sum framlög til stofnunarinnar í gegnum samninga við ríki, stofnanir og sveitarfélög hafa ekki tekið verðbreytingum í fjölda ára. Ef frá eru teknir úthlutunarsjóðir, þá var fjármagn skv. samningum við hið opinbera 86,8 milljónir króna á árinu 2007 en er í dag 89,6 milljónir króna. Á sama tíma hefur verðlagsvísitala hækkað um 34,3 % og launavísitala um 34,1%. Það má vera ljóst að minna fjármagn miðað við verðlag með sama eða hærra þjónustustig gat ekki gengið til frambúðar.“

Tillaga stjórnar Austurbrúar gekk út á að stærstu stofn- og hagsmunaaðilar leggðu stofnuninni til fé svo greiða mætti upp skuldir hennar og það, ásamt hagræðingaraðgerðum af hálfu stofnunarinnar til að draga úr rekstarkostnaði, væri eina raunhæfa leiðin til að leysa fjárhagsvanda hennar til frambúðar.

Á fundinum var jafnframt kynnt fjárhagsáætlun Austurbrúar fyrir árið 2015 þar sem farið var yfir hvernig ætlunin væri að reka stofnunina á árinu 2015 í ljósi breyttrar fjárhagsstöðu. Samkvæmt áætluninni var gert ráð fyrir umfangsmikilli hagræðingu í rekstri. Miklar skipulagsbreytingar voru gerðar á Austurbrú árið 2015 sem lutu að starfsmannamálum, upplýsingaflæði, ýmsum verkferlum, tengslum SSA við Austurbrú og fjármálum.

Fjárhagslegri endurreisn Austurbrúar miðaði vel og árið 2015 var í fyrsta skipti hagnaður af rekstri hennar. Rekstrartekjur Austurbrúar árið 2015 voru tæpar 315 milljónir, hagnaður af rekstri voru rúmar 19 milljónir og neikvætt eigið fé í árslok voru 66 milljónir.

Þetta var mikilvægur áfangi í að rétta af fjárhag stofnunarinnar og tryggja henni góðan og eðlilegan rekstrargrundvöll.



### Betri árangur en áætlanir gerðu ráð fyrir

Fjárhagsleg endurreisn Austurbrúar hélt áfram á árinu 2016 og miðaði betur en áætlanir gerðu ráð fyrir. Nú er hagnaður af rekstri stofnunarinnar annað árið í röð. Í árslok 2015 var samþykkt fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 sem gerði ráð fyrir rekstrarafgangi upp á 7,6 milljónir króna. Rekstrartekjur Austurbrúar voru 321,8 milljónir kr. á árinu 2016 og nam hagnaður af rekstri 32,4 milljónum kr. samanborið við 19,1 milljónir króna árið á undan. Neikvætt eigið fé stofnunarinnar var 33,7 milljónir kr. í árslok 2016 og hefur það styrkst sem nemur 51,3 milljón kr. frá árinu 2014. Veltufé frá rekstri jókst á milli ára og var 38 milljónir kr. á árinu 2016 samanborið við 23,4 milljónir kr. árið á undan. Á árinu 2016 var greidd fyrsta afborgunin af langtímaláni sem tekið var til endurskipulagningar á sjóðstreymi stofnunarinnar snemma á árinu 2015. Ljóst er að árangur í rekstri Austurbrúar byggir á samvinnu fjölda aðila, samspili kostnaðarvitundar og útsjónarsemi starfsmanna stofnunarinnar. Sterk framtíðarsýn, öflug stjórn sem og gott og skilvirkt innra skipulag hjá Austurbrú hefur síðan stuðlað að bættum rekstri.

### Fjölbreytt og athyglisverð verkefni

Hjá Austurbrú vinnur á þriðja tug manna með ólíkan bakgrunn og mismunandi tengslanet. Fólk sem vinnur að fjölbreyttum og athyglisverðum verkefnum sem sum hver hafa vakið mikla athygli og eru brautryðjendaverkefni. Þegar upp er staðið er það e.t.v. kjarni málsins að þrátt fyrir erfiðleika hefur Austurbrú sinnt hlutverki sínu sem suðupottur skapandi hugsunar, nýsköpunar og þverfaglegrar vinnu. Vinnustaðurinn virðist eftirsóttur ef miðað er við þann fjölda umsókna sem berast þegar ný störf hjá stofnuninni eru auglýst.

Margt af því sem hér hefur verið rífað upp á sér eðlilegar skýringar. Stofnun Austurbrúar átti sér enga hliðstæðu á Íslandi. Þeir sem komu að stofnun hennar voru í þeim skilningi að finna upp hjólið og eðlilegt er að slíkt ferli taki tíma. Fyrstu árin var gjarnan talað um að Austurbrú ætti við ímyndarvanda að stríða. Um hana væru sagðar af neikvæðar fréttir og á það við rök að styðjast. Flestar fréttir sem rötuðu til eyrna almennings fjölluðu um vanda stofnunarinnar og of fáar um öll þau góðu verk sem þó voru unnin

innan hennar. Það er líka eðlilegt. Gerðar voru væntingar um aukna hagræðingu í kjölfar sameiningar og vitaskuld beindist athygli fólks í framhaldinu að neikvæðum fréttum af rekstri hennar. Í þessari stuttu yfirferð hefur þetta verið rífað upp enda engin ástæða til að fara leynt með þessa sögu og gera lítið úr því hversu krefjandi verkefni sameiningarferlið hefur verið.

Á sama tíma og byrjunarerfiðleikar Austurbrúar eru rífaðir upp er rétt að nota þessi tímamót – fimm ára afmælið- til að minna á að stofnun eins og Austurbrú verður ávallt að horfa til framtíðar. Verkefni hennar er að leita tækifæra og möguleika til nýsköpunar og þróunar. Það er trú okkar sem störfum hjá Austurbrú að þessi oft á tíðum erfiða byrjun muni einungis styrkja Austurbrú og gera hana betur í stakk búna til að takast á við krefjandi verkefni framtíðarinnar.

# Hefur barnskónum verið slitið?

Stjórnarformaður Austurbrúar horfir í baksýnisspegilinn.



Það má sannarlega segja að ákveðin tímamót séu nú uppi í rekstri Austurbrúar þegar fimm ár eru liðin frá stofnun hennar enda hafa skipst á skin og skúrir í þessu mikla og brýna verkefni.

Það var engum vafa undirorpið að sú vinna sem hófst með skipan fyrsta starfshóps á vegum SSA árið 2008, til að skoða kosti og galla þess að sameina stoðstofnanir á Austurlandi, var tímabær. Um nokkurt skeið hafði slíkt verið til umræðu og ljóst að veikleikar fælust í smæð þeirra og von til að fjármagn og mannauður gæti nýst betur. Starfssvið þeirra lágu jafnframt oft á tíðum saman og þannig væri hægt að takast á við stærri verkefni sem brýn væru austfirsku samfélagi. Þá myndi ólík sérþekking starfsmanna nýtast vel þvert á verkefni. Þannig yrði til sterkari fagleg heild sem á þessum tíma var dreifð innan stoðstofnanna og því miður voru á milli þeirra huglægir

veggir sem stóðu oft á tíðum ýmsu fyrir þrífum. Afrakstur vinnu starfshópsins var svo kynntur á aðalfundi SSA árið 2011 og ýtti það sjálfri sameiningunni af stað sem fullnustuð var árið 2012 þegar Austurbrú var hleypt af stokkunum.

Er óhætt að segja að mikil bjartsýni hafi fylgt hinni nýju stofnun úr hlaði og metnaður fyrir hennar hönd um að hún tækist á við hlutverk sitt af stórhug og krafti. Ekki síst var von um að með henni myndi koma til aukin verkefnatílfærsla, bæði frá ríki og sveitarfélögum.

Það er mín skoðun að stofnun Austurbrúar var til mikilla bóta fyrir Austurland. Bæði hefur stofnunin sýnt að hún getur tekist á við verkefni, stór sem smá, verið sameiginlegur vettvangur fjórðungsins á margan hátt og tenging út á við.

En einnig var ýmislegt gert með þeim hætti í stofnun hennar að rétt er að draga af því lærdóm til framtíðar. Þrátt fyrir að undirbúningur að stofnun Austurbrúar hafi tekið nokkurn tíma er það ljóst þegar maður rýnir í baksýnisspegilinn að hann hefði þurft að vanda betur á ýmsan hátt. Ljóst er að fjárhagsleg staða fyrirrennaranna var misjöfn og verkefni sem þeir komu með inn í starfsemina vanfjármögnuð. Þá vildi það brenna við að þeim verkefnum sem stofnuninni var falið fylgdu ekki nægjanlegt fjármagn en krafan var engu að síður sú að þeim skyldi sinnt af stórhug. Skýrari stefnumótun hefði þurft að liggja fyrir áður en til sameiningar kom og einnig að stofnaðilar væru meðvitaðir um að þátttaka þeirra í stofnuninni væri ekki einungis táknræn og fagleg heldur líka fjárhagsleg og ábyrgðin á rekstrinum væri allra.

Allt eru þetta atriði sem við þurfum að hafa í huga og læra af þannig að framtíð Austurbrúar verði björt, henni gert kleift að sinna hlutverki sínu, hún verði okkur Austfirðingum tæki til að auðga samfélagið hér enn frekar og styrkja samstarf og samvinnu á svæðinu sem er lykillinn að blómlegu samfélagi á Austurlandi til lengri og styttri tíma.

Jón Björn Hákonarson  
stjórnarformaður Austurbrúar



# Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)

Á 50. aðalfundi SSA sem haldinn var á Seyðisfirði dagana 7. og 8. október 2016 voru eftirtaldir kosnir í stjórn SSA starfsárið 2016-2017: Andrés Skúlason, Gunnar Jónsson, Hákon Hansson, Jón Björn Hákonarson, Margrét Guðjónsdóttir, Sigrún Blöndal og Stefán Grímur Rafnsson. Til vara: Sóley Dögg Birgisdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Svandís Ingólfssdóttir, Eydís Ásbjörnsdóttir, Jakob Sigurðsson, Stefán Bogi Sveinsson og Eyjólfur Sigurðsson.

Á fyrsta fundi stjórnar var Sigrún Blöndal kjörin formaður, fyrsti varaformaður Jón Björn Hákonarson og annar varaformaður Stefán Grímur Rafnsson. Þau eiga samhliða sæti í framkvæmdaráði SSA.

Ein nefnd starfar á vegum SSA milli aðalfunda, átta manna nefnd um samgöngumál þar sem fulltrúar koma frá öllum sveitarfélögum á Austurlandi. Finna má upplýsingar um fulltrúa í nefndinni ásamt samþykktum hennar á heimasíðu SSA.

Eins og komið hefur fram var aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði. Eins og á fyrri fundum var fjallað um hin ýmsu mál sem snerta landshlutann í heild. Fundurinn bar þess nokkur merki að 8. október 2016 voru nákvæmlega 50 ár liðin frá stofnun landshlutasamtakanna. Stofnfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi var haldinn í Egilsbúð í Neskaupstað dagana 8.-9. október 1966. Þar var samþykkt að stofna til samtaka austfirskra sveitarfélaga en alls sóttu fundinn 28 fulltrúar frá 15 sveitarfélögum. Þá voru einnig samþykkt lög fyrir SSA þar sem fram kemur að markmið sambandsins skuli vera að vinna að hagsmunum sveitarfélaganna, einkum í atvinnu-, efnahags-, mennta-, skipulags-, samgöngu- og félagsmálum. Í dag eiga öll átta sveitarfélögin á starfssvæði SSA, frá Djúpavogi í suðri til Vopnafjarðar í norðri, aðild að landshlutasamtökunum.

SSA stóð á vordögum 2016 fyrir afmælistálfingi í Egilsbúð um uppbyggingu þekkingarsamfélags á Austurlandi. Í lok málfingsins var tilkynnt um stofnun þriggja manna starfshóps sem hafði það verkefni að skilgreina þrjú verkefni á þessu sviði sem ráðist verði í innan fimm ára. Starfshópurinn skipuðu þau Einar Már Sigurðarson (Fjarðabyggð), Jón Þórðarson (Borgarfirði eystra) og Sigurlaug Jónasdóttir (Fljótshálsa). Starfshópurinn kynnti tillögur sínar á aðalfundi SSA á Seyðisfirði og voru þær samþykktar. Ætlunin var að á árinu 2017 yrði eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar efling þekkingarsamfélags á Austurlandi en þar sem fjármunir til samningsins voru ekki auknir reyndist ómögulegt að hrinda því í framkvæmd.

## Helstu verkefni SSA

### Samningur um sóknaráætlun

Stjórn SSA vann að framkvæmd samnings um sóknaráætlun 2015-2019 á starfsárinu. Úthlutað var úr Uppbyggingarsjóði Austurlands í ársbyrjun 2017, skilgreind voru áhersluverkefni fyrir landshlutann á árinu 2017 og sóknaráætlunin, þróunaráætlun Austurlands, var endurskoðuð. Boðað var til þriggja opinna íbúafunda sem voru mjög vel sóttir en endurskoðun sóknaráætlunarinnar var endanlega í höndum fulltrúa í samráðsvettvangi. Fjölgað var úr 26 fulltrúum í 54 í samráðsvettvanginum. Náði samstarf hefur verið við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál auk þess sem verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála sat fundi stýrihópsins sem fulltrúi landshlutasamtaka fram í janúar 2017. SSA hefur miklar áhyggjur af fjármögnun samningsins. Engin aukning var á fjármunum til samningsins á árinu 2017 og fjármálaáætlun til næstu ára gefur hreint ekki tilefni til bjartsýni. Brýnt er að tryggja verulega aukið fjármagn til samningsins svo unnt sé hrinda í framkvæmd markmiðum hans.

### Svæðisskipulag Austurlands

Eitt áhersluverkefna sóknaráætlunar á árunum 2016 og 2017 var svæðisskipulag Austurlands. Í október 2016 var gengið frá ráðningu Skarphéðins Smára Þórhallssonar í starf verkefnisstjóra með svæðisskipulagi Austurlands. Á starfsárinu hélt svæðisskipulagsnefnd tvo fundi, gengið var frá starfsreglum nefndarinnar og þær sendar til samþykktar hjá sveitarfélögum á Austurlandi. Þegar samþykki lá fyrir, fóru starfsreglurnar til staðfestingar hjá Skipulagsstofnun. Brýnt er að stofnunin greiði götu svo viðamikilla verkefna og skýrar starfsreglur séu um úthlutanir fjármuna úr Skipulagssjóði.

### Almenningssamgöngur á Austurlandi

Skipulag og rekstur almenningssamgangna á Austurlandi heyrir undir starfssviði SSA og er í höndum verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála. Góðar almenningssamgöngur eru mikilvægur þáttur í eflingu byggðar, þar sem fólk getur ferðast milli staða/landshluta með heildstæðu skipulögðu kerfi. Ef svo mikilvægt verkefni á að vera á ábyrgð landshlutasamtakanna verður hið opinbera að tryggja lagaumhverfi sem og nauðsynlegt fjármagn þannig að hægt sé að koma á fót heildstæðu kerfi og rekstri almenningssamgangna um hinar dreifðari byggðir landsins. SSA stendur í málaferlum í tengslum við rekstur almenningssamgangna á Austurlandi og ekki sér fyrir endann á þeim. Tillaga starfshóps sem hafði það hlutverk að ræða um framtíðarþyrirkomulag almenningssamgangna á Austurlandi var kynnt á aðalfundi SSA á Seyðisfirði og samþykkt að fela stjórn SSA að vinna að því að sveitarfélögin sameinuðust um rekstur þessa mikilvæga verkefnis. Niðurstaða stjórnar var að stofna til einkahlutafélags um reksturinn og voru Páll Björgvin Guðmundsson (formaður), Fjarðabyggð, Björn Ingimarsson, Fljótshálsa og Björg Björnsdóttir (SSA) skipuð í stjórn. Stjórn SvAust ehf. fékk Viaplan til að vinna úttekt á stöðu almenningssamgangnakerfisins og mögulega framtíðarþróun þess. Í framhaldi af þeirri vinnu var tillaga stjórnarinnar um aðkomu sveitarfélaga á Austurlandi að SvAust ehf. send sveitarfélögunum til umsagnar og afgreiðslu.

### Samstarf landshlutasamtaka

Samskipti milli starfmanna landshlutasamtakanna eru sífellt að aukast enda hefur verkefnum sem samtökin koma að fjölgað í gegnum árin. Þar má nefna almenningssamgöngur og mikilvægt er að gæta hagsmuna landshlutasamtakanna gagnvart ríkisvaldinu, bæði á fjárhagslegu sviði og lagalegu. Vinna við stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2017-2023 hófst á starfsárinu en þar að auki koma landshlutasamtökin að vinnu við samgöngu- og fjarskiptaáætlun fyrir árin 2015-2026. Þannig var vinna við Ísland ljósvætt 2020 áberandi á árinu.

Skipting fjármuna frá ríkisvaldinu til verkefna í landshlutanum er eitt af viðfangsefnum landshlutasamtakanna. Fulltrúar SSA hafa lagt ríka áherslu á að við skiptingu fjármagns sé tekið tillit til mismunandi aðstæðna landshlutanna, svo sem hvað varðar fjarlægð og þéttleika byggðar.

Haldnir voru þrjú reglulegir fundir um hin ýmsu mál; haustfundur, vorfundur og sumarfundur þar sem ákveðin mál eru tekin sérstaklega fyrir. Sumarfundurinn árið 2016 var haldinn á vegum SSA á Fljótshálsa þar sem formaður stjórnar SSA og verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála voru gestgjafar.

*Fundargerðir stjórnar, ályktanir og upplýsingar um aðalfundi sem og samþykktir má finna inn á heimasíðu SSA - ssa.is.*



# Atvinnuþróun og markaðstengd verkefni

Meginmarkmið atvinnuþróunarverkefna Austurbrúar er að efla og skapa tækifæri til uppbyggingar í atvinnu- og byggðapróun á Austurlandi og vinna eftir stefnumótun landshlutans. Markaðshlutverk Austurbrúar snýr að markaðssetningu Austurlands í heild, til atvinnu, búsetu og fjárfestinga.

## Efling Egilsstaðaflugvallar

Eitt af megin verkefnum Austurbrúar er vinna við að koma á millilandaflugi um Egilsstaðaflugvöll en verkefnið er skilgreint sóknaráætlunarverkefni og eitt af aðaláhersluverkefnum landshlutans.

### Beint flug frá London

Verkefnið Efling Egilsstaðaflugvallar var komið gott á skrið í byrjun árs 2016. Ákvörðun lá fyrir í október 2015 um beint flug frá London-Gatwick til Egilsstaða með ferðaskrifstofunni Discover the World. Upprunaleg áætlun gerði ráð fyrir 35 flugum en vegna slakrar bókuar í apríl var tekin ákvörðun um að fækka þeim í 9. Rekstur flugsins, þ.e. móttaka á vélinni, tímasetningar, innskráning, tollgæsla og vegabréfaeftirlit gekk vel. Allir þjónustuaðilar á Egilsstaðaflugvelli lögðust á eitt að gera upplifunina fyrir áhöfn og farþega sem ánægjulegasta. Það tókst að okkar mati og er mikilvægt skref í að laða að flugfélög.

### Markaðsstarf tengt millilandaflugi

Í tengslum við beina flugið til Egilsstaða komust á fjölmörg viðskiptasambönd og vann Discover the World náði með ferðabjónum á svæðinu í tengslum við vörur og markaðsefni. Verkefnastjóri Austurbrúar var milliliður í flestum samskiptum varðandi gerð markaðsefnis.

Í markaðssetningunni var notast við vinnu sem unnin hafði verið í tengslum við Áfangastaðinn Austurland en sú vinna var einungis hálfnuð þegar ákvörðun um beint flug var tekin. Það er þó brýnt að markaðssetning á svæðinu sé í takt við innviðaupbyggingu sem og framboð þjónustu sem nú þegar er í boði. Stór hluti af markaðssetningu á beinu flugi er markaðsefni fyrir flugvöllinn og hefur verkefnastjóri unnið í nánu samstarfi við Isavia að vefsvæði fyrir Egilsstaðarflugvöll og öðru kynningarefni fyrir svæðið í heild.

Í byrjun árs 2016 var tekið á móti fjölmörgum blaðamönnum í tengslum við beina flugið sem nánar er getið um á öðrum stað í skýrslunni.

### Markaðs- og leiðarþróunarsjóður

Talsverð eftirvinnsla var í tengslum við markaðs- og leiðarþróunarsjóð sem átti að fara í loftið í byrjun árs. Austurbrú skipaði bæði aðalmann og varamann í stjórn sjóðsins á árinu. Alls voru 9 fundir í flugþróunarsjóði á árinu en áherslurnar í vinnu nefndarmanna á árinu lutu að gerð starfsreglna, umsóknar- og úrvinnsluferla, kynningarmála auk þess sem auglýst var eftir umsóknum og veitt fjármagn úr sjóðnum á árinu. Á árinu var- og er enn í gangi- eftirfylgni með ferlum ráðuneytisins varðandi tilkynningu sjóðsins til EES sem er ein af forkröfum fyrir fulla virkni sjóðsins. Í árslok var reglum sjóðsins breytt til að ná yfir beint flug á milli alþjóðaflugvallanna á Íslandi. Áherslur og eftirfylgni er varðar sjóðinn hefur tekið til sín töliverðan tíma fyrir utan það starf sem tengist stjórnarsetu í sjóðnum. Hafa Austurland og Norðurland verið mjög samstíga, bæði hvað snertir samtöl við ráðuneytin sem og aðra sem að umgjörð sjóðsins koma.

Styrkþegar ársins 2016. Mynd: Gunnar Gunnarsson.



## Uppbyggingarsjóður Austurlands

Uppbyggingarsjóður Austurlands varð til árið 2015 samhliða Sóknaráætlun Austurlands og hefur nú verið úthlutað þrisvar úr sjóðnum. Ákvæðið er í samningi ríkisins og Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) um Sóknaráætlun landshlutans, að 55% af fjármagni Sóknaráætlunar fari í Uppbyggingarsjóð Austurlands á hverju ári. Þjónustusamningur er á milli SSA og Austurbrúar með umsýslu sjóðsins.

### Úthlutun styrkja 2016

Fjöldi styrkja 2016 voru 90 og alls var úthlutað 55.500.000 kr. Hæsti styrkur var 3.500.000 kr. en sá lægsti 100.000 kr. Umsóknir fyrir árið 2016 voru 150 og var áætlaður heildarkostnaður við þau verkefni um 807 milljónir króna. Umsóknarupphæð þeirra 90 verkefna sem hlutu styrk var um 221 milljón. Umsóknarfrestur rann út þann 15. desember 2015 og fór úthlutunarathöfnin fram 3. febrúar 2016 á Seyðisfirði þar sem öllum styrkþegum var boðið til athafnarinnar. LungA skólinn sá um listgjörning á athöfninni og kaffiveitingar voru í boði Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Haustið 2016 var auglýst eftir umsóknum fyrir árið 2017 en úthlutun fór fram í febrúar. Við það umsóknarferli var í fyrsta skipti sótt um með rafrænu formi. Vel tókst til og stefnt er að því í framtíðinni að allt ferlið við umsóknir og styrkveitingar Uppbyggingarsjóðs verði rafrænt.

## Aðstoð við frumkvöðla

Ráðgjöf við frumkvöðla er veitt í Austurbrú og er áhersla á að greina hvar frumkvöðull er staddur með sína hugmynd og hvaða aðstoð hann vantar til að komast áfram með hana. Lögð er áhersla á að kortleggja hugmyndina vel og hvaða styrkleika viðkomandi hefur til að koma hugmyndinni í framkvæmd. Frumkvöðlar eru síðan tengdir við mismunandi aðila innan Austurbrúar eftir því hvar skórinn kreppir, við stoðkerfi NMÍ, mismunandi tengslanet eða vísað á einkaaðila sem veita viðeigandi þjónustu. Þá er áhersla lögð á að skoða möguleika til fjármögnunar á fyrstu skrefum, t.d. með styrkumsóknum og kortlagðir eru möguleikar á hvaða styrkir eru í boði fyrir viðkomandi hugmynd.

Kynningarfundir frá NMÍ, Bygðastofnun og fleiri aðilum úr stoðkerfinu er haldnir reglulega og möguleikar á fjármögnun frá þessum aðilum eru kynntir. Aðstoð við umsóknarferli í tengslum við Uppbyggingarsjóð er alltaf í boði í formi einstaklingsráðgjafar og vinnustofur eru haldnar á öllum starfstöðvum Austurbrúar. Samstarfsverkefni um frumkvöðlasetur á Djúpavogi og í Hugvangi á Egilsstöðum eru ennþá í gangi en dræm ásókn frumkvöðla í plássin torvelda frekari þróun á þessu úrræði.

## Samstarf atvinnuþróunarfélaga

Atvinnuþróunarfélögin eru átta talsins og er fundað sameiginlega tvisvar á ári; á vorkundi sem haldinn er árlega í tengslum við ársfund Bygðastofnunar og haustfundi sem að þessu sinni var haldinn af Austurbrú í byrjun nóvember. Verkefni haustfundar 2016 var kynning á Austurbrú og verkefnum hennar auk þess sem farið var í ýmsar vettvangsheimsóknir til fyrirtækja og stofnana á Austurlandi. Almenn ánægja var með fundinn og verður næsti haustfundur á vegum atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar.

## Menningarstarf á Austurlandi

Verkefnið er áhersluverkefni sóknaráætlunar Austurlands og er unnið af Austurbrú. Verkefnið er þrjúþætt: Starf verkefnastjóra menningar, styrking menningarstarfs í jaðarbyggðum Austurlands, Djúpavogi og Vopnafirði og efling menningarmiðstöðvanna þriggja á Austurlandi.

Helstu verkefni ársins voru m.a. vinna við Uppbyggingarsjóð Austurlands, s.s. umsóknarferli og vinna með fagráði menningar og úthlutunarnefndar. Auk þess umsjón með úthlutunarferli, frágang samninga og samskipti við styrkþega. Þá var á árinu gott samstarf við Samband sveitarfélaga á Austurlandi og stýrihóp stjórnarráðsins um samræmingu og framkvæmd Uppbyggingarsjóða landshluta og breytingar á því ferli.

Dagar myrkurs á Austurlandi voru dagana 2.-6. nóvember. Svipað fyrirkomulag var haft og á síðasta ári. Austurbrú sá um öflun fjármagns fyrir markaðssetningu á stærri viðburðum, kynningu og heildarskipulagningu. Sveitarfélög auglýstu viðburði innan sveitarfélaganna og þannig eru Dagar myrkurs bæði viðburður á Austurlandi öllu en líka tengdir og markaðssettir fyrir ákveðin svæði sérstaklega. Þetta fyrirkomulag hefur gengið vel og Dagar myrkurs er vörumerki á Austurlandi sem mikilvægt er að halda í og efla.

Innlend og erlend samstarfsverkefni voru nokkur eins og áður. Má þar nefna að listamannskipti voru á milli Austurlands og Vesterálen í Noregi. Auglýst er eftir listamönnum á hvoru svæði að vori. Valnefndir velja listamenn og dvelja þeir síðan í hvoru landi fyrir sig að hausti. Samningur hefur verið gerður við

Fylgstu með viðburðum á Dögum myrkurs á east.is!

#easticeland #dagarmyrkurs #austurland

**DAGAR MYRKURS  
Á AUSTURLANDI**

**2. - 6. NÓVEMBER**

**DAYS OF DARKNESS IN EAST ICELAND**

Alcoa Fjarðaál, Arion banki, EFLA, EIMSKIP, Landsbankinn, and other logos.

Vopnafjarðarhrepp um að taka á móti norska listamanninum í þrjú ár og kom fyrsti listamaðurinn á Vopnafjörð haustið 2016 og dvaldi þar í þrjár vikur. Listamaðurinn heitir Ingrid Larssen. Dvöl Ingrid leiddi til þess að hún fór að vinna ásamt fornleifafræðingnum Birgit Lund stórt verkefni með Vopnafirði sem tengist Álfkonudúknum á Bustarfalli og verður sýning á Vopnafirði í ágúst 2017.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, auk stærri sveitarfélaga á Íslandi, leggja nú mikla áhersla á barnamenningu. Ráðnir hafa verið verkefnastjórar barnamenningar í ráðuneytið og hjá nokkrum sveitarfélögum. Austurbrú telur mikilvægt að fylgjast með þessari þróun og kynnast betur uppbyggingu og þróun barnamenningar á landsvísi og víðar. Eitt af þeim verkefnum sem nú eru unnin til styrkingar barnamenningar er verkefnið List fyrir alla. Tekið var á móti verkefnastjóra Listar fyrir alla á Austurlandi á síðasta ári og í kjölfarið var fræðsluverkefni Skaftfells á Seyðisfirði valið sem eitt af verkefnum Listar fyrir alla 2016. Austurbrú hefur unnið að því að styrkja tengsl og byggja upp þekkingu á barnamenningu. Fulltrúi stofnunarinnar fór á ráðstefnu um barnamenningu til Silkeborgar í Danmörku á síðasta ári auk þess að vera í hópi ráðuneytis um eflingu barnamenningar.

Meðal annarra verkefna eru samstarf menningarmiðstöðvanna þriggja, fundir menningarfulltrúa landshluta, kynning á norrænum sjóðum, ráðgjöf við listamenn og þá sem vinna við skapandi greinar. Tenging menningar við önnur verkefni á vegum Austurbrúar og margt fleira er unnið á hverju ári og verður ekki rakið nánar hér.



## Styrking innviða skapandi greina

Í lok árs 2016 rann út samningur við SAM-félagið, grasrótarsamtök skapandi fólks á Austurlandi, um eflingu skapandi greina. Þar með er verkefnið MAKE by Þorpið formlega komið út úr Austurbrú og er nú í eigu SAM-félagsins sem mun viðhalda og þróa áfram þá innviði sem unnið hefur verið með. Sérverkefni sem Austurbrú sótti um til Alcoa Foundation til að efla innviði skapandi greina eru ennþá í gangi en munu klárast um mitt ár 2017. Er þar um að ræða fjögur verkefni. Í fyrsta lagi eru verkefnastjórar hjá Austurbrú og Nýsköpunarmiðstöð sem vinna að þróun þjónustu við frumkvöðla í skapandi greinum og taka þátt í vestnorrænu verkefni, „START“, um þróun atvinnuráðgjafar á fámönnum svæðum í Færeyjum, Grænlandi og Austurlandi. Í öðru lagi var kennurum í list- og verkgreinum á Austurlandi boðið til vinnustofu um þróun listnáms á Austurlandi á Skriðuklaustri í nóvember sl. og verður síðasta vinnustofa í verkefninu í byrjun júní árið 2017. Á vordögum 2016 var haldin alþjóðleg vinnustofa, „Stefnumót við skógarbændur“, í Fljótsdal og tóku um 20 manns þátt frá Íslandi og Bandaríkjunum. Í fjórða lagi var á árinu 2016 hafist handa við að endurskipuleggja vefinn make.is og unnið er að þróun á vef til að selja gæðavörur úr staðbundnum hráefnum frá Austurlandi. Stefnt er að opnun vefsins haustið 2017.

## Brothættar byggðir

Í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017 var Byggðastofnun falið að halda áfram með verkefnið Brothættar byggðir. Markmið aðgerðarinnar er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Markmiðið með verkefninu er m.a. að fá fram skoðanir íbúanna sjálfra á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög, brottflutta íbúa og aðra. Verkefnið er samstafsverkefni Breiðdalshrepps, Byggðastofnunar og Austurbrúar. Á árinu lét Bjarni Grímsson af

störfum og var hluti af verkefninu fært til Breiðdalshrepps. Jónína Brynjólfsdóttir tók við verkefninu hjá Austurbrú.

Í upphafi árs var auglýst eftir umsóknum um styrki til margvíslegra verkefna í Breiðdal. Á fjölmönnum íbúafundi var styrkjum úthlutað til níu aðila, alls 5 milljónum króna, auk þess sem farið var yfir þá markmiðasetningu sem unnin hafði verið. Undir forystu Breiðdælinga hefur verið lögð fram framtíðarsýn fyrir sveitafélagið.

## Byggðaráðstefnan Sókn landsbyggða

Byggðastofnun í samstarfi við Austurbrú, Breiðdalshrepp, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samband sveitarfélaga á Austurlandi stóðu fyrir ráðstefnu 14. til 15. september undir yfirskriftinni *Sókn landsbyggða: Kemur unga fólk?* sem ætlað var að kynna nýjar rannsóknir í byggðamálum og reynslu af hagnýtu starfi. Ráðstefnan var haldin á Breiðdalsvík og var það m.a. gert til að veita þátttakendum, sem voru rúmlega hundrað talsins, innsýn í lífskjör heimamanna og áskoranir og tækifæri sem þeir standa frammi fyrir.

## Orkuskipti á Austurlandi

Verkefnið Orkuskipti á Austurlandi hófst haustið 2016 þegar Dr. Jón Steinar Garðarsson Mýrdal kom til starfa hjá Austurbrú. Jón Steinar hafði áður unnið við rannsóknir á tæknilausnum fyrir orkuskipti í samgöngum, bæði við Danska tækniháskólann (DTU) og Háskóla Íslands, í um áratug. Í verkefninu verður unnin greiningarvinna þar sem teiknaðar verða upp framtíðarsviðsmyndir fyrir orkunotkun á Austurlandi með það að leiðarlósi að bæta orkunýtni og lágmarka losun á gróðurhúsalofttegundum. Einnig

verður unnið að uppbyggingu á innviðum sem stuðla að sama markmiði en Austurbrú hefur nú þegar fengið úthlutað fjármagn til að setja upp net hleðslustöðva fyrir rafmagnsbíla á árunum 2017 og 2018. Uppsetning stöðvanna er unnin í samstarfi við sveitarfélögin á Austurlandi og aðra aðila sem hafa komið að uppsetningu slíkra stöðva á Íslandi. Í tengslum við þetta var haldinn kynningarfundur um rafvæðingu í samgöngum á Reyðarfirði í janúar 2017. Fundurinn var haldinn í samstarfi við Íslenska nýorku, Grænu orkuna, Orkusetur og ON. Unnið hefur verið að því að fá háskólanemendur í auknum mæli til þess að vinna rannsóknarverkefni þar sem orkumál á Austurlandi er viðfangsefnið. Eitt verkefni er þegar komið af stað í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, auk þess sem fleiri nemendur hafa óskað eftir því að vinna verkefni í samstarfi við Austurbrú seinna á þessu ári.

## Áfangastaðurinn Austurland

Áfangastaðurinn Austurland notar aðferðafræði áfangastaðahönnunar í því skyni að þróa svæðið með áherslu á sjálfbærni. Hin þverfaglega nálgun er lykilatriði og byggir á samtali við samfélagið allt; sveitarfélög, fyrirtæki, samtök og íbúa Austurlands. Sveitarfélög á Austurlandi taka fullan þátt í verkefninu og eru fundir haldnir með fulltrúum þeirra mánaðarlega.

Áfangastaðurinn Austurland hefur verið og er samvinnuverkefni, opið öllum sem áhuga hafa. Verkefnið er vel á veg komið og á árinu 2016 kláraðist þriðji áfangi: Hönnunaráætlun um ímynd Austurlands. Á stórrri vinnustofu sem haldin var á Karlsstöðum í ágúst voru ýmsar tillögur kynntar rýnihópi sem lúta að sjónrænum þætti verkefnisins, s.s. útlitsstaðlar, sameiginlegt lógó fyrir áfangastaðinn, leiðbeiningar í notkun myndefnis og ýmislegt fleira. Vörumerkið „Austurland“ var svo kynnt og miðlun á verkefni til hagsmunaaðila stóð yfir haustið 2016. Verkferakista var kynnt og í henni er m.a. merki (logo), slagorð, tilbúnir textar um svæðið, ljósmyndabanki, sýn, markmið, leiðarljós, ýtarleg markhópagreining o.fl. Innleiðing á verkefninu hófst í lok árs 2016 og mun standa yfir allt árið 2017.

Frá vinnustofunni á Karlsstöðum. Mynd: María Hjálmarsdóttir.



## Blaðamannaferðir

Í byrjun árs 2016 var tekið á móti blaðamönnum í stórri blaðamennferð sem Íslandsstofa hafði umsjón með. Um var að ræða blaðamenn frá Canary Wharf Magazine, Lonely Planet Online, The Independent, Rough Guides Online and Travel Weekly, Mail Online, The Observer auk almannatengslafulltrúa. Austurbrú sá um skipulagningu og uppbyggingu ferðarinnar og hafði samband við heimaaðila. Markmið ferðarinnar var að kynna beina flugið fyrir Bretum. Áherslan í umfjöllunum var Austurland, Egilsstaðir og náttúran.

Í júní var skipulögð ferð fyrir breska ferðabloggarann Ian Mallory sem skrifar á vinsæla ferðasíðu sem ber heitið malloryontravel.com. Sú ferð var einnig til að kynna beina flugið fyrir breskan markað. Í september aðstoðuðum við blaðamann Reykjavík Grapevine og skipulögðum með honum ferð um Austurland. Í sama mánuði aðstoðuðum við blaðamanninn Monicu Frim frá bandaríska tímaritinu Diplomatic Connections með skipulag sinnar ferðar. Í október aðstoðuðum við Íslandsstofu með ferð þriggja blaðamanna um Austurland. Í nóvember skipulögðum við ferð fyrir bandaríska blaðamanninn Lois Parshley sem skrifar m.a. fyrir National Geographic og í desember skipulögðum við ferð fyrir breska blaðamanninn Claire Webb sem skrifar fyrir Radio Times. Sú ferð var í byrjun janúar 2017.

Almennt má segja að umfang blaðamannaferða hafi aukist í markaðsstarfi Austurbrúar og hafa þær verið óvenju margar frá hausti 2015 fram á vor 2017. Auk þess að skipuleggja ferðir svarar Austurbrú mörgum fyrirspurnum frá blaðamönnum, bloggurum, ljósmyndurum og kvikmyndagerðarfólki í gegnum tölvupóst. Í flestum tilvikum skila þessar ferðir tilætluðum árangri þannig að í framhaldinu birtast greinar þar sem jákvæðu ljósi er varpað á áfangastaðinn Austurland.

## Sýningar og kaupstefnur

Austurbrú tók þátt í þremur sýningum á árinu. Mannamót eru haldin árlega til að kynna ferðaþjónustuna á landsbyggðinni og um 20 aðilar frá Austurlandi tóku þátt í sýningunni sem haldin var í Reykjavík í lok janúar. Í febrúar tók Austurbrú þátt í MidAtlantic kaupstefnunni í Reykjavík og í september í Vest Norden sem að þessu sinni var haldin í Reykjavík.

## East.is - Facebook.com/easticeland – Instagram/easticeland

Ferðaþjónustuvefurinn East.is var í stöðugri uppfærslu á árinu 2016. Á síðunni má finna mikið af hagnýtum upplýsingum, s.s. um einstök ferðaþjónustufyrirtæki, veitingastaði, gistingu, afþreyingu og auk þess er rekið viðburðadagatal á vefnum sem tiltekur helstu menningarviðburði sem haldnir eru í fjórðungnum. Yfir háannatímam er vefurinn heimsóttur að jafnaði um 15.000 sinnum á mánuði.

Auk þess rekur Austurbrú Facebook-síðu tengda East.is og er hún uppfærð nánast daglega með tilkynningum, ljósmyndum og fréttum frá Austurlandi. Áhangendum síðunnar fjölgaði um tæp 14% á árinu 2016 og eru nú 3.561 talsins. Þessi aukning er alfarið „lífræn“, þ.e. engar auglýsingar hafa verið keyptar til að fjölga áhangendum.

Á árinu 2016 stofnuðum við Instagram-síðu fyrir Visit East Iceland sem uppfærð var reglulega, nokkrum sinnum í viku, með ljósmyndum frá Austurlandi. Einkum er um að ræða svokallað „repost“ (endur-

birtingar) þar sem við notum myndir annarra af svæðinu og birtum á okkar síðu. Í lok árs vorum við með u.þ.b. 500 fylgjendum.

### Útgáfa markaðsefnis / smábókar og þjónustukorts

Þjónustukortið var endurútfært 2016 í samstarfi við sveitarfélög og ferðaþjónustuaðila. Upplagið var 40.000 eintök sem dreift var um land allt frá maí til september.

Smábókin *East Iceland - Official tourist guide* var jafnframt gefin út í síðasta sinn á árinu 2016. Bókin innihélt upplýsingar á ensku um Austurland, umhverfi, samfélög og þjónustu og í byrjun hvers árs var smábókin endurskoðuð og henni breytt í samræmi við nýjar upplýsingar sem bárust frá ferðaþjónustuaðilum á svæðinu. Færslurnar voru seldar og fengu aðilar að markaðssviði Austurbrúar auglýsingar með sérstökum afslætti. Bókin var prentuð í Odda og dreift um allt land með reglubundnum hætti frá maí til mánaðarmóta september/október. Auk þess fóru starfsmenn Austurbrúar og dreifðu hluta upplagsins sjálfir í lok maí fram í miðjan júní til þjónustusamningsþega.

### Birtingaráætlun

Austurbrú hannaði og keypti auglýsingar í prent-, vef- og ljósvakamiðlum þar sem athygli var vakin á fjórðungnum sem spennandi áfangastað. Birtar voru auglýsingar og kynningar í eftirfarandi tímaritum: Tímaritinu Skýjum, Wow Magazine, Austurlandsblaðauka Iceland Review (auglýsingar og sérri), Reykjavík Grapevine (vefauglýsingar og kynningar), Ævintýralandinu og systurblaði þess Outdoors. Keyptar voru vefauglýsingar (display) og leitarvélauglýsingar (Google Ads) á árinu 2016. Auglýsingarnar eru birtar á erlendum vefsíðum á helstu mörkuðum í Evrópu. Markmiðið var að ná til fólks sem er í ferða-hugleiðingum og er að velta Íslandi fyrir sér sem áfangastað. Við birtum auglýsingarnar hjá fólki sem skoðar ferðatengdar vefsíður og lögðum sérstaka áherslu á að birta á síðum þar sem Ísland kom fyrir í texta (blogg, fréttir, ferðavefir). Birtingaráætlun er unnin í samráði við sveitarfélögin á Austurlandi.

### Samstarf markaðsstofa landshlutanna

Markaðsstofur landshlutanna (MAS) eru sex talsins; á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi, Reykjanesi og Suðurlandi. Fundað er reglulega yfir árið og er vettvangurinn nýttur til skipulagningar og reksturs ýmissa samstarfsverkefna, s.s. útgáfu kynningarefnis landahlutanna, skipulagningar ferðasýningarinnar Mannamót auk þess sem þær héldu ráðstefnu saman í Reykjavík á árinu 2016 sem bar yfirskriftina *Dreifing ferðamanna – Framtíð íslenskrar ferðaþjónustu á landinu öllu*. Ýmis konar samráð fer fram hjá samráðsvettvangnum, s.s. við Ferðamálastofu, Íslandsstofu, SAF og stjórnstöð ferðamála.

INSPIRED BY  
AUSTURLAND

VISIT EAST ICELAND

Berglind Hasler lives at Karlsstaðir, on the shores of Berufjörður, with her husband Svavar. Both members of the well known Icelandic band Prins Póló, the couple gave up on life in Reykjavík for a more self sufficient farm life for their family in the fjords of East Iceland. Today they make natural turnip crisps and serve their own vegan sausages, so-called bulsur, at their café/concert venue Havari. Endlessly inspired they make music in their spare time.

All information at EAST.IS

think outside the circle\*

AUSTURLAND

# Verkefni tengd menntun og rannsóknnum

Meginmarkmið Austurbrúar í símenntunarmálum eru að stuðla að fjölbreyttri símenntun á Austurlandi, veita fullorðnum námsmönnum tækifæri til náms, vera samstarfsvettvangur fyrir aðila er vinna að verkefnum á sviði símenntunar, vera í fararbroddi í þróun og framboði á símenntun á svæðinu, veita nemendum notendavæna og sveigjanlega þjónustu varðandi menntunarmöguleika, ráðgjöf og aðstöðu til náms. Starfsmenn Austurbrúar kynna, miðla og skipuleggja nám sem einstaklingar og fyrirtæki í fjórðungnum kunna að þurfa og óska eftir hverju sinni.

## Símenntun

Árlega er haldinn fjöldi námskeiða fyrir ólíka hópa. Árið 2016 voru haldin um 70 námskeið á vegum Austurbrúar ef talið er saman hversu margir námskeiðshópar eða námsleiðir voru í gangi á hvorri önn. Þetta eru námskeið og námsleiðir sem eru mismunandi að lengd og uppbyggingu, allt frá nokkurra klukkustunda námskeiðum til námsleiða sem standa yfir í margar annir. Námskeiðum fækkaði frá 2015 og töluverð fækkun var frá árunum þar áður. Ástæður eru margvíslegar en sú veigamesta er líklega að tómsundanámskeið á vegum stofnunarinnar hafa að mestu verið felld niður. Nemendastundir voru um 28.500 á árinu 2016.

Auk námsleiða samkvæmt námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins voru haldin námskeið í íslensku fyrir útlendinga, námskeið fyrir fatlaða samkvæmt samningi við Fjölmenn, starfstengd námskeið og annarskonar námskeið. Um 66% þátttakenda á námskeiðum sem Austurbrú stóð fyrir á árinu 2016 voru konur.

## Námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

### Stóriðjuskólinn

Eitt af stærri verkefnum Austurbrúar er stóriðjuskólinn sem rekinn er í samstarfi við Alcoa Fjarðaál. Námið er samkvæmt námskrá frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem ber nafnið *Nám í stóriðju*. Það skiptist í sex annir, annars vegar þrjár annir í grunnnámi og hins vegar þrjár annir í framhaldsnámi. Kennsla fer fram einu sinni í viku frá átta til fjögur og eru kenndir um fimmtán dagar á önn í grunnnámi en 19 dagar í framhaldsnámi.

Námið skiptist í almennar bóklegar greinar eins og eðlisfræði, stærðfræði, ensku og tölvur, svo dæmi séu tekin, en hins vegar námskeið sem tengjast álframleiðslu beint. Þar má nefna vinnu í kerskála og steypuskála, umhverfis-, heilsu- og öryggismál á vinnustaðnum. Bæði grunn- og framhaldsnámi lýkur með með lokaverkefni þar sem nemendur velja sér viðfangsefni tengd starfinu og þá oftast en ekki eitthvað sem þeir vilja betrubæta.

Á árinu 2016 voru nemendur í grunn- og framhaldsnámi um fimmtíu talsins. Yfirleitt halda flestir sem ljúka grunnnámi áfram í framhaldsnám og nýir hópar í grunnnámi taka við af þeim eldri svo ekki er séð fram á að nemendum í þessu námi fækki á næstunni.

### Menntastoðir

Á síðasta ári lauk námi í Menntastoðum sem hófst árið 2015. Austurbrú bauð upp á námið í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga. Samstarfið felst í því að ná tilsettum þátttakendafjölda. Til að koma til móts við íbúa á dreifbýlum svæðum var námsleiðin kennd í fjarnámi og var árangur góður. Kennarar setja námsefni



hverrar viku, fyrirlestra, lesefni og verkefni, inn á vefsvæði þar sem þátttakendur geta nálgast það og skila svo verkefnum sínum þangað inn. Almennt eru þátttakendur ánægðir með fyrirkomulagið og segja það henta vel með vinnu og fjölskyldulífi.

### Fagnámskeið II

Á árinu var haldið Fagnámskeið II bæði á Reyðarfirði og Vopnafirði. Það er kennt samkvæmt námsskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Námsleiðin er ætluð ófaglærðu starfsfólki í heilbrigðis- og félagsþjónustu og komu þátttakendur frá hjúkrunarheimilunum Hulduhlíð á Eskifirði, Uppsölum á Fáskrúðsfirði og Sundabúð á Vopnafirði.

### Landnemaskóli

Landnemaskóli var á Reyðarfirði í haust. Tilgangur skólans er að auðvelda fólki af erlendum uppruna aðlögun að íslenskum vinnumarkaði og samfélagi. Í náminu er lögð áhersla á íslenskt talmál og nytsama samfélagsfræði. Námið er ætlað fullorðnu fólki á vinnumarkaði sem ekki á íslensku að móðurmáli.

### Íslenska fyrir útlendinga

Á árinu voru haldin sex námskeið í íslensku fyrir útlendinga og var fjöldi þátttakenda um sextíu. Þetta er mikil fækkun frá síðasta ári sem skýrist helst af erfiðleikum við að ná lágmarksfjölda þátttakenda í fámennari bæjarfélögum. Þó er útlit fyrir að á árinu 2017 horfi þetta til betri vegar og fjöldi þátttakenda verði meiri en á árinu 2016. Námskeiðin eru styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

## Raunfærnimat í skógrækt

Austurbrú fékk styrk frá Þróunarsjóði framhaldsfræðslu til að þróa raunfærnimat í skógrækt í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands, Garðyrkjustólann á Reykjum og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Markmið verkefnisins er að þróa raunfærnimat fyrir fólk sem hefur unnið í skógargeiranum í meira en þrjú ár, er eldra en 23 ára og langar að sækja sér meiri menntun, t.d. á Skógum og náttúrubrautinni í Garðyrkju-skólanum. Raunfærnimat er algengt í mörgum iðngreinum en það vantar víðar. Áhugi er hjá Austurbrú á að þróa raunfærnimat á fleiri sviðum í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og fyrirtæki á Austurlandi og nokkrir möguleikar fyrir framtíðarsamstarf hafa verið kannaðir.

## Fræðsluáætlanir fyrirtækja

Austurbrú vinnur fræðsluáætlanir fyrir fyrirtæki og stofnanir á Austurlandi þar sem byggt er á aðferðafræði Markviss ráðgjafar. Ráðgjafar vinna greiningu á fræðsluþörfum starfsfólks í samvinnu við starfsmenn og stjórnendur. Í framhaldinu verður til fræðsluáætlun, oftast til nokkurra ára í senn. Fræðsluáætlunin inniheldur skipulag fyrir menntun og þjálfun starfsfólks. Austurbrú hefur sinnt framkvæmd þessara áætlana og árið 2016 voru í gildi áætlanir fyrir Heilbrigðisstofnun Austurlands og Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs, báðar gilda út árið 2018. Haldin voru fjölbreytt námskeið fyrir starfsfólk fyrirtækjanna, námskeiðin voru vel sótt og almenn ánægja var með fyrirkomulagið. Síldarvinnslan í Neskaupstað óskaði eftir greiningu á fræðsluþörfum starfsfólks og var greiningarvinna og drög að fræðsluáætlun unnin á haustmánuðum 2016.

Kynningarátak Landsmenntar á nýrri vefgátt fræðslusjóða atvinnulífsins (attin.is) fólst í fyrirtækjaheimsóknum Markviss ráðgjafa. Fyrirtæki á öllu Austurlandi voru heimsótt og skilaði það sér í auknum áhuga á fræðsluáætlunum og námskeiðahaldi. Nokkur fyrirtæki hafa sótt formlega um Markviss ráðgjafa, önnur um sértækt námskeiðahald.

Nemendur við lærdóm í starfsstöð Austurbrúar á Reyðarfirði. Mynd: Jón Knútur Ásmundsson.



## Samstarf við Fjölmenn

Austurbrú hefur umsjón með námsleiðum fyrir fólk með fötlun á Austurlandi. Fjármögnun kemur frá Fjölmenn, símenntunar- og þekkingarmiðstöð, sem jafnframt sinnir ráðgjöf og stuðningi við fræðslustofnanir varðandi nám og símenntun fyrir fatlað fólk á Íslandi. Haldin voru 10 námskeið á árinu 2016. Skóli lífsins, námsleið sem hófst í nóvember 2015, lauk með útskrift fjögurra nemenda í apríl. Skóli lífsins er 60 klst námsleið þar sem áherslan er á daglegt líf og sjálfstyrkingu. Á vorönn voru einnig námskeið í tónlist, jóga, lestri og tölvuþjálfun ásamt matreiðslu sem fram fór á heimilum þátttakenda. Á haustönn var áhersla lögð á hreyfingu með sund- og crossfit-námskeiðum. Einnig voru námskeið á haustönn í hekli, lestri og tölvuþjálfun ásamt námskeiði í sjálfstyrkingu.

## Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf er mjög mikilvæg fyrir fólk með litla eða enga menntun, ekki síst á landsbyggðinni þar sem menntunarstigið er almennt lægra miðað við höfuðborgarsvæðið. Náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna hefur verið sinnt á Austurlandi á vegum Austurbrúar. Samningur við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins veitir Austurbrú fjárhagslegan styrk til að sinna verkefninu. Frá haustinu 2016 tók Else Möller við starfi verkefnastjóra og ráðnir voru tveir verktakar, báðir menntaðir náms- og starfsráðgjafar.

Það hefur ekki reynt að ná til þessa hóps. Ýmsum aðferðum hefur verið beitt, m.a. með samstarfi við sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir, auk þess sem beint samband hefur verið haft við einstaklinga. Fram til áramótanna 2015-2016 höfðu 138 einstaklingar þáð ráðgjöf sem var veitt um allt Austurland.

## Háskólaþjónusta

Áætlað er að háskólaþjónusta Austurbrúar hafi á árinu 2016 þjónað á milli 150-200 háskólanemum á einhvern hátt en erfitt er að gefa upp nákvæma tölu. Það er ekki einfalt að meta fjölda háskólanema á svæðinu. Hvort og hvernig þeir nýta aðstöðu Austurbrúar er mismunandi. Fjarnemaskrár gefa ekki fullkomna mynd af fjölda nema. Meistara- og doktorsnemar eru t.d. yfirleitt ekki á þeim skráum en nýta oft vinnuástöðu hjá Austurbrú. Fjöldi þeirra sem tekur próf gefur heldur ekki endanlega mynd af fjölda nema því heimapróf og verkefnaskil koma stundum í stað prófa og staðnemar frá háskólunum taka stundum prófin í heimabyggð en nýta enga aðra þjónustu.

Um 180 einstaklingar tóku próf hjá Austurbrú vorið 2016 og um 190 á haustönninni. Samtals tóku þessir nemar um 770 próf hjá Austurbrú árið 2016. Af þeim eru einhver menntaskólapróf, einkum á þeim stöðum á Austurlandi þar sem ekki starfar framhaldsskóli og svo eru nokkur réttindapróf af ýmsu tagi en þorinn er háskólapróf. Meirihluti nemenda sem tók próf var konur eða tæplega 70%. Prófaumsýsla er orðin töluvert umfangsmikil í starfi Austurbrúar. Próf af einhverju tagi fara fram nánast allan ársins hring. Þau þarf að umsýsla eftir ströngum reglum um meðhöndlun prófa, skönnun og sendingu prófúrlausna og eyðingu persónugreinanlegra gagna.

Þjónusta við nemendur var með svipuðu sniði árið 2016 og áður. Fyrir utan próftökur sækja nemendur kennslu og fundi í fjarfundabúnaði, nokkrir tugir hafa lesaðstöðu í starfsstöðvum stofnunarinnar og margir fá leiðbeiningar og aðstoð varðandi nám, s.s. námstækni, skipulag verkefna og ráðgjöf vegna prófkvíða.

Framboð á námsgreinum í fjarnámi frá íslenskum háskólum hefur að mestu staðið í stað undanfarin ár og nemendafjöldi einnig. Nemendur á Austurlandi eru úr öllum háskólunum nema Listaháskóla Íslands. Flestir stunda nám við Háskólann á Akureyri og næstflestar við Háskóla Íslands.

Flestir nemendur sóttu þjónustu til starfsstöðvarinnar á Egilsstöðum eða tæplega 50% nemenda ef marka má prófafjölda. Reyðarfjörður kemur þar næst með ríflega 25% af fjöldanum og síðan aðrar starfsstöðvar.

### Rannsóknarverkefni

Rannsóknarverkefni eru af tvennum toga; annars vegar verkefni sem fyrirtæki og stofnanir kaupa og hins vegar verkefni sem Austurbrú hefur frumkvæði að og rúmast innan fjárhagsáætlunar en einnig eru sóttir ýmsir styrkir. Vinnu lauk við greiningarverkefni fyrir Fljótsdalshérað um stöðu atvinnulífs. Skýrsla var skilað til verkkaupa og niðurstöður kynntar. Niðurstöður eru ekki birtar opinberlega en aðgengilegar hjá Fljótsdalshéraði. Vinnumarkaðsráð óskaði eftir könnun á stöðu atvinnulausra kenna á Austurlandi og viðhorfum atvinnurekenda til atvinnuleitenda á skrá Vinnumálastofnunar. Tilgangurinn var að leita leiða til að styrkja tengsl atvinnuleitenda á skrá Vinnumálastofnunar og atvinnurekenda á Austurlandi. Skýrsla verkefnisins er birt á heimasíðu Austurbrúar. Unnið var að rannsóknarverkefni um ástæður brottflutnings kvenna af Austurlandi og lauk því í júlí 2016. Niðurstöður könnunarinnar eru aðgengilegar á vef Austurbrúar. Hafist var handa við frekari greiningu á gögnum sem safnað var í Eyjahjartarannsókninni og er nú horft til þess að greina efnahagslegan ávinning þeirra hátíða sem haldnar eru á Austurlandi. Gert er ráð fyrir að því verkefni ljúki á árinu 2017.

Rannsóknir unnar innan Austurbrúar voru kynntar á þremur ráðstefnum á árinu 2016. Menningarauður jaðarsvæða var kynntur á norrænu ráðstefnunni Nordic ruralities á Akureyri í maí. Erindi um virði brottfluttra af jaðarsvæðum og brottflutning kvenna af Austurlandi voru kynnt á ráðstefnu Byggðastofnunar á Breiðdalsvík í september og á ráðstefnunni Þjóðarspeglinum í Háskóla Íslands í október. Þau erindi voru einnig kynnt víðar á Austurlandi á óformlegri vettvangi, s.s. hjá félagsamtökum.

### Kvasir og Leikn - samstarf um fullorðinsfræðslu

Austurbrú tekur þátt í samstarfi Kvasis og Leiknar sem vinna bæði að framgangi fullorðinsfræðslu. Kvasir, eru samtök 11 fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi. Allar miðstöðvarnar starfa að:

- öllu leyti eða að hluta til á grundvelli laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og vinna fræðsluverkefni með stuðningi Fræðslusjóðs.
- samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið að framhaldsfræðslu og símenntun.
- til almannaheilla á samfélagslegum grunni (non-profit).

Kvasir helda árlega tvo vinnufundi þar sem aðilar bera saman bækur, ræða hagsmunamál og leiðir til að bæta og styrkja starfið en á milli fundar stjórn oftast símleiðis. Á aðalfundi Kvasis 2016 sem haldinn var í Reykjavík 20. apríl 2016 tók Guðrún Á. Jónsdóttir sæti í stjórn fyrir hönd Austurbrúar en miðstöðvarnar skipta með sér stjórnarsetu samkvæmt ákveðnu kerfi. Haustfundur Kvasis 2016 var haldinn á Akureyri 21.-22. september 2016.

Austurbrú tekur einnig þátt í samstarfi Leiknar sem er sameiginlegur vettvangur fleiri fullorðinsfræðslu-

aðila en eru í Kvasi og málsvari þeirra gagnvart stjórnvöldum. Tilgangur samtakanna er að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi. Í Leikn eru fræðsluaðilar og frjáls félagsamtök sem hafa það meginhlutverk að bjóða fræðslu fyrir fullorðna, starfa til almannaheilla á samfélagslegum grunni (nonprofit), eru sjálfstæðir rekstraraðilar og starfa utan hins formlega skólakerfis.

### Samstarf þekkingarsetra

Austurbrú tekur þátt í samstarfi þekkingarsetra sem starfa vítt og breitt um landið og njóta stuðnings á fjárlögum samkvæmt samningum. Samstarfið hófst formlega með fundi í Sandgerði snemma árs 2014. Áætlað var að halda ársfund samtakanna á haustmánuðum 2016 á Húsavík en veður varð til að fresta honum fram yfir áramót. Starfsemi samtakanna var því lítil 2016 en fullur hugur er á að halda henni áfram.

### Framhaldsskóladeild á Vopnafirði

Þann 8. september 2016 var formleg opnun framhaldsskóladeildarinnar á Vopnafirði en um er að ræða útibú frá Framhaldsskólanum á Laugum. Bjarney Jónsdóttir, framhaldsskólakennari, var ráðin í starfið sem umsjónakennari. Framhaldsskóladeildin fékk tímabundin húsnæði í Kaupvangi á 2. hæð, í því rými sem hýsir sýninguna *Múlastofu* yfir sumartímamann. Sex af tíu nemendum úr grunnskólanum á Vopnafirði voru skráðir til náms þegar skólaárið hófst.

Nemendurnir eru á staðnum alla virka daga og kennt er í fjarkennslu eða með verkefnavinnu. Eina viku í mánuði fara nemendurnir á Lauga til að taka þátt í skólalífni, hitta kennara o.fl.



Formleg opnun framhaldsskóladeildarinnar á Vopnafirði 8. september 2016. Mynd: Magnús Már Þorvaldsson.



# Önnur verkefni og þjónusta

## Miðstöð menningarfræða

Þann 25. september 2015 var gerður samningur milli Seyðisfjarðarkaupstaðar og Sambands sveitarfélaga á Austurlandi um eflingu menningar á Seyðisfirði. Samningurinn gildir til ársloka 2019 og kom í kjölfar samnings ríkisins við Samband sveitarfélaga á Austurlandi um Sóknaráætlun landshlutans.

Markmið Miðstöðvar menningarfræða er að leggja áherslu á að:

- skapa vettvang til að uppgötva, varðveita og miðla menningu
- aðstoða fræði- og listamenn með ýmsum hætti, t.d. varðandi aðstöðu, tengsl við sérfræðinga og þekkingu á svæðinu
- veita þjónustu fyrir rannsóknarverkefni og miðlun tengda menningu
- efla samvinnu fræðimanna, leikmanna og fræðistofnana

Hér á eftir kemur greinagerð um þau verkefni sem unnin voru undir hatti miðstöðvarinnar árið 2016.

### Tónleikaröðin Bláa kirkjan

Tónleikaröðin (blaakirkjan.is) er orðin vel þekkt um allt land og berast ávallt margar umsóknir frá tónlistarfólki í fremstu röð. Tónleikarnir fara fram á miðvikudagskvöldum, kvöldið fyrir brottför ferjunnar Norrænu frá Seyðisfirði, og eru gestir flestir erlendir. Auglýst var eftir umsóknum listamanna í byrjun árs og hafist handa við skipulagningu. Unnið var í umsóknum um styrki og þær sendar til sjóða sem og fyrirtækja á Austurlandi. Tekið var við umsóknum listamanna og í samráði við stjórn lögð drög að dagskrá sumarsins. Tónleikaröðin var auglýst og kynnt í gegnum heimasíðu, plaköt, auglýsingar í staðarmiðlum, á Facebook og öðrum samfélagmiðlum. Haldnir voru 7 tónleikar og sóttu þá tæplega 400 manns.

### Seyðisfjarðarkaupstaður

Síðan Visit Seyðisfjörður á Facebook var stofnuð. Sú síða hefur vaxið og dafnað og er í dag virkt markaðstæki fyrir ferðaþjónustu kaupstaðarins. Ráðgjöf var veitt í málum er varða kortagerð, útgáfu og vinnu við kortlagningu auðlinda og mögulegra viðkomustaða á Seyðisfirði. Þá var unnið að skipulagningu á vofundi aðila í ferðaþjónustu og menningarmálum á Seyðisfirði. Skipulagt var þjónustunámskeið fyrir ferðaþjónustuaðila og starfsmenn þeirra á vordögum og var aðsókn góð.

Unnin var umsókn um *Verndarsvæði í byggð* með byggingarfulltrúa og tengist sú vinna beint við endurgerð Húsasögu Seyðisfjarðar. Unnin var stöðluð umsókn um styrki til ferða- og menningarnefndar Seyðisfjarðarkaupstaðar og tillaga að reglum um úthlutun. Unnin var samningur um rekstur frumkvöðla-seturs milli Seyðisfjarðarkaupstaðar og Skaftfells.

### Skaftfell

Verkefni er varða Skaftfell (skaftfell.is) voru á árinu fólgin í ráðgjöf, aðstoð við endurskoðun skipulagsskrár og unnin var verklýsing fyrir fagråd þess. Skoðaðar voru leiðir til að sýna og kynna Geirahús en húsið er í eigu og umsjá Skaftfells. Endurbætur og varðveisla eru í fullum gangi og framsetning á húsinu með því móti að það þarf starfsmann til að sýna húsið sem tekur ekki nema 5-6 manns vegna smæðar.



### Tækniminjasafn

Helstu verkefni hjá Tækniminjasafninu snerust um að skoða reksturinn, formið og eignir safnsins. Safnið stendur á vissum tímamótum og æskilegt væri að rekstur þess yrði færður yfir í sjálfseignarstofnun. Einnig er safnið með í umsjá og til varðveislu húsnæði sem það er ekki skráður eigandi að. Vinnan 2016 var að mestu í því fólgin að skoða þau mál og greina.

### Húsasagan

Unnið er að endurútgáfu Húsasögu Seyðisfjarðar. Lítið þokaðist í því máli en þó áttu sér stað nokkur samskipti við styrktaraðila, m.a. Minjastofnun vegna frystingar á styrk.

Að auki kom miðstöðin að framkvæmd og skipulagningu á listahátíðinni List í ljósi (listiljosi), Haustroða, markaðs- og uppskeruhátíð Seyðfirðinga og Dögum myrkurs á Seyðisfirði.

### FabLab, stafræn framleiðsla

Námskeiðaröðin *Stafræn framleiðsla fyrir alla* hófst haustið 2015 hjá Austurbrú en verkefnið hlaut veglegan styrk (2.300.000 kr.) frá Þróunarsjóði framhaldsfræðslu fyrr um vorið. Markmið verkefnisins er að auka þekkingu á upplýsingatækni og hagnýtingu hennar hjá markhópi framhaldsfræðslunnar og að skapa þekkingu sem hvetur til frumkvöðlastarfs og nýsköpunar einstaklinga. Kennslan fer fram í Fab Lab Austurland en þar er til staðar búnaður fyrir stafræna framleiðslu. Verkefnið hélt áfram 2016 og voru þá haldin tvö námskeið.

### Tæknidagur fjölskyldunnar

Tæknidagur fjölskyldunnar er haldinn árlega í Verkmenntaskóla Austurlands (VA) og var blásið til leiks í fimmta sinn þann 7. október 2016. Að deginum standa VA og Austurbrú. Markmiðið er að vekja áhuga almennings á fjölbreyttum og spennandi viðfangsefnum tækni, verkmennta og vísinda og örva sköpunargleði. Einnig að vekja athygli barna og ungmenna á fjölbreyttum náms- og starfsmöguleikum á þessum sviðum. Umtalsverð aukning var í fjölda gesta árið 2016. Árið áður skráðu rúmlega 600 manns nöfn sín í gestabækur en í ár var fjöldinn um 1.000. Þátttakendur á deginum voru um og yfir 100 frá fyrirtækjum og stofnunum en þá er ótalin sá fjöldi nemenda, kennara og annarra sem tók þátt. Atriðin voru um 60 talsins og afar fjölbreytt að venju.

### Sjálfbærniverkefnið

Austurbrú hefur haldið utan um Sjálfbærniverkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar frá janúar 2013. Verkefnið var sett á laggirnar til að fylgjast með áhrifum framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun og álverið á Reyðarfirði á samfélag, umhverfi og efnahag á Austurlandi. Vöktun hófst í október 2007 eftir undirbúningsvinnu sem fól í sér samráð við mismunandi aðila, bæði hlynnta og andvíga framkvæmdunum. Fylgst er með 16 samfélagsvísium, 24 umhverfsvísium og 5 efnahagsvísium. Þrjú starfsmenn Austurbrúar komu að vinnu við verkefnið á árinu 2016. Ársfundur Sjálfbærniverkefnisins 2016 var haldinn á Egilsstöðum þann 3. maí og voru þátttakendur um 40. Sérstakt þema fundarins var staða Sjálfbærniverkefnisins og var hún m.a. rýnd í hópavinnu á fundinum. Einnig var farið var yfir áhugaverðar niðurstöður vöktunar á árinu 2015.

### Veljum Vopnafjörð

Austurbrú hefur komið að verkefninu *Veljum Vopnafjörð* með því að tveir starfsmenn hafa setið í verkefnastjórn verkefnisins og tekið þátt í þeirri vinnu sem unnin hefur verið í verkefninu frá því að það var sett af stað í apríl 2016. Meðal annars var haldið íbúafundur á Vopnafirði þar sem íbúar ræddu hugmyndir sínar um eflingu samfélags og byggðar og gáfu þá verkefninu heitið *Veljum Vopnafjörð*. Skilaboð íbúa má draga saman í þrjú orð sem urðu leiðarljós verkefnisins: yngri, kraftmeiri og fjölbreyttari Vopnafjörður. Verkefnisstjórn hefur það hlutverk að fylgja skilaboðum þingsins eftir en er um leið meðvituð um að verkefnið sjálf eru í höndum samfélagsins á Vopnafirði.

Í júní 2016 var haldinn íbúafundur þar sem greint var frá skilaboðum þingsins og rætt var um framhaldið. Nokkrar hugmyndir komust strax til framkvæmda vorið og sumarið 2016. Haustið 2016 fundaði verkefnisstjórn með nemendum framhaldsdeildar, frumkvöðlum og loks sveitarstjórn sem skoðaði skilaboð íbúafundings í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Verkefnið stendur í rúmlega eitt ár og lýkur því haustið 2017.

Frá málþingingu Veljum Vopnafjörð í júní 2016.



